

**490. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 20. október 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður og Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir breytingu á dagskrá, að við bætist nýr liður, Boð á aukaping Byggðasamlagas Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, og verður númer 12 á dagskrá. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. 1510067 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða frá 8 október.

Til kynningar.

2. 1510019 - Fundargerð SEV ásamt áskýrslu

Til kynningar.

3. 1509003F - Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 12

Tekin er til afgreiðslu fundargerð 12. fundar Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar frá 14. september 2015.

3.1. 1509013 - Geymsla lausafjármuna

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd vill beina því til þeirra aðila sem eru eigendur gáma án stöðuleyfis að þeir verði fluttir á skilgreint geymslusvæði gáma. Svæðið er staðsett upp í Hrafnadal. Byggingarfulltrúa verði falið að skrá gáma og finna eigendur.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.

3.2. 1508031 - Umsagnarbeiðni vegna Heimagistingar

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gefur jákvæða umsögn um heimagistingu í flokki 1 að Móatúni 18.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.

4. 151002F - Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 13

Tekin er til afgreiðslu fundargerð 13. fundar Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar frá 8. október 2015.

4.1. 1509075 - Aðstaða fyrir nótaþvottastöð

Tekið fyrir erindi frá Kjartani Jakobi Haukssyni fyrir hönd Ísfells ehf og Fiskeldisþjónustunnar ehf, dagsett 6. október 2015. Í erindinu er óskað eftir lóð innan hafnarsvæðis Tálknafjarðarhafnar fyrir nótaþvottastöð og tengda starfsemi. Óskað er eftir aðstöðu og byggingareit fyrir allt að 300 m² byggingu á ytri enda hafnarinnar.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar frekari upplýsinga. Óskað er eftir ítarlegum upplýsingum um hvernig hreinsun frárennslisvatns verði háttáð m.t.t. sóttvarna sem og hvernig losun á fastefnum verði, áætlað magn o.s.frv. Umfang bygginga, sem og rökstuðning fyrir umbeðnu staðarvali.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.

4.2. 1510027 - Umsókn um stöðuleyfi - Norður Botn

Erindi frá Mikael Traustasyni f.h. Arctic Smolt ehf., seiðaeldisstöð í Norður-Botni, Tálknafirði. Í erindinu er annars vegar sótt um stöðuleyfi fyrir 20feta gám(rafstöð) við tengimannvirki í 6 mánuði og hinsvegar stöðuleyfi fyrir 3 gámaeiningum til stækkunar á núverandi starfsmannarými í 36 mánuði. Erindinu fylgja yfirlitsmyndir er sýna fyrirhugaða staðsetningu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis fyrir gám undir rafstöð í 6 mánuði. Nefndin samþykkir veitingu stöðuleyfis til 12 mánaða fyrir 3 gámum til viðbótar við starfsmannarými með vísan til gr.2.6.1 byggingarreglugerðar nr.112/2012 en þar segir að stöðuleyfi skulu að hámarki gefin út til 12 mánaða nema ákvæði skipulags kveði á um annað.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.

5. 1509007F - Fræðslu-, menningar-, íþróttar-, æskulýðsnefnd - 8

Fundargerðin er staðfest
Samþykkt samhljóða.

6. 1509010F - Atvinnu- og hafnarnefnd - 6

Fundargerðin er staðfest
Samþykkt samhljóða.

- 7. 1510017 - Office 365 áskriftarþjónusta Advania**
Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann
Samþykkt samhljóða.
- 8. 1510063 - Reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.**
Til kynningar.
- 9. 1510073 - Aukaping Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks**
Sveitastjórn samþykkir að fulltrúi Tálknafjarðarhrepps á aukapingi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks verði Indriði Indriðason og fer hann með atkvæði Tálknafjarðarhrepps.

Samþykkt samhljóða.
- 10. 1309110 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.**
Sveitarstjóri skýrði frá málum sem eru í vinnslu. jafnframt leggur sveitarstjóri til að boðað verði til íbúafundar þann 10 nóvember. Á fundinum verða kynnt áform um hitaveitu í Tálknafirði. Einnig verða atvinnumál rædd á fundinum. Sveitarstjóri skýrði frá að skrifstofustjóri hefur sagt starfi sínu lausu. Einnig var farið yfir áætlun útsvars á komandi ári.
Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að boða til íbúafundar þann 10 nóvember.
- 11. 1510018 - Rekstrarreikningur orlofs Vestfiskra húsmæðra 2013-2014**
Til kynningar.
- 12. 1510014 - Lög um verndarsvæði í byggð - innleiðing**
Til kynningar.
- 13. 1510023 - Tímabundin breyting á verkaskiptinu ríkis og sveitarfélaga**
Til kynningar.
- 14. 1510064 - Fundur með hagsmunaaðilum Fjarðalax og Arctic Fish.**
Til kynningar.
- 15. 1510068 - Kynningarbréf frá Náttúrustofu Vestfjarða.**
Til kynningar.
- 16. 1510066 - Fréttabréf Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.**
Til kynningar.
- 17. 1510069 - Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga 2016.**
Til kynningar.

18. 1510007 - Áætlun um heildargreiðslu sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum fjárhagsárið 2016 miðað við grunnfjárhæðir bóta

Til kynningar.

19. 1508033 - Kvörtun vegna tafa.

Til kynningar.

20. 1509078 - Umsókn í uppbyggingarsjóð ferðamannastaða

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.20.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____